

HJÚKRUNARHEIMILI Á HÚSAVÍK

HÖNNUNARSAMKEPPNI
DÓMNEFNDARÁLIT

ÚTBOÐ NR. 21061
MAÍ 2020



Ávarp ráðherra

Samkeppni um nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík

Nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík er fagnaðarefni, eins og öll uppbygging í þjónustu er jafnan.

Núverandi hjúkrunarrými á Heilbrigðisstofnun Norðurlands og hjúkrunarheimilinu Hvammi duga ekki lengur til. Stækkunar er þörf og nútíma viðmið gera aðrar kröfur til aðbúnaðar þeirra sem þar búa og þess samfélags íbúa og starfsfólks sem tilheyra heimilunum. Þær kröfur snúast fyrst og fremst um að skapa heimili fyrir einstaklinga sem heilsu sinnar vegna geta ekki lengur búið á eigin vegum með viðeigandi stuðningi og þarfnast daglegrar hjúkrunar og umönnunar.

Samkvæmt viðmiðum um byggingu hjúkrunarheimila sem velferðarráðuneytið gaf út árið 2014, eru áherslur nú aðrar en áður voru settar. Í stað stórra stofnana með sjúkrastofum á fjölmönnum hjúkrunardeildum, er gert ráð fyrir litlum einingum fyrir 6-12 íbúa. Lögð er áhersla á að skapa aðstæður sem líkjast einkaheimilum eins og kostur er en um leið mæta þörfum þeirra sem hafa skerta getu til athafna daglegs lífs. Jafnframt þarf aðbúnaður að stuðla að góðum vinnuaðstæðum starfsfólks, m.a. með framsækinni notkun velferðartækni sem sífellt fleygir fram.

Hönnun hjúkrunarheimilis sem fyrst og fremst er heimili ólíkra einstaklinga með heila ævi í farteskinu en einnig vinnustaður annarrar kynslóðar, þarf að sameina þetta allt; kynslóðir og margbreytileika, einkalíf og vinnu. Heimilið þarf að standa undir nafni sem heimili, styðja einstaklinginn til virkni á eigin forsendum og vera honum það skjól sem hann hefur þörf fyrir í daglegu lífi.

Valin staðsetning, undir hlíðum Húsavíkurfjalls, hefur gefið hönnuðum innblástur fyrir sköpunargáfu sína og spilað misstórt hlutverk í þeim 32 tillögum sem gerðar hafa verið að hönnun byggingarinnar.

Að mörgu er að hyggja í hönnun slíkrar byggingar og er verðug áskorun fyrir færa og metnaðarfulla hönnuði sem um leið leggja sitt af mörkum til að skapa fallegt og gott heimili fyrir þau sem á því þurfa að halda á Húsavík.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra



Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

Inngangur

Fyrirhugað er að reisa nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík.

Við hönnun byggingarinnar á að fylgja stefnu í öldrunarmálum og viðmiðum heilbrigðisráðuneytisins sem sett eru fram í ritinu Skipulag hjúkrunarheimila. Lágmarksviðmið um byggingu og starfsemi hjúkrunarheimila og hjúkrunarrýma.

Áhersla er lögð á að finna vistvænar lausnir og voru keppendur hvattir til að kynna sér rit Framkvæmdasýslu ríkisins um vistvænar byggingar. Einnig var vísað til stefnu stjórnvalda sem fram kemur í ritinu Menningarstefna í mannvirkjagerð, Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist.

Samkvæmt nútíma kröfum eru hjúkrunarheimili hönnuð sem litlar heimiliseiningar og áhersla lögð á að skapa aðstæður sem líkjast einkaheimilum eins og kostur er en um leið mæta þörfum þeirra sem hafa skerta getu til athafna daglegs lífs. Jafnframt þarf aðbúnaður að stuðla að góðum vinnuaðstæðum starfsfólks.

Í viðmiðum er gert ráð fyrir að hámarki 65 fermetra brúttórými fyrir hvert hjúkrunarrými. Heildarstærð 60 rýma hjúkrunarheimilis verður því að hámarki 3 900 m² auk viðbótarrýma sveitarfélagsins. Stefnt er að því að útboð á verklegri framkvæmd verði auglýst vorið 2021 og að heimilið verði tekin í notkun í lok árs 2023.

Verkkaupar eru heilbrigðisráðuneytið og fjögur sveitarfélög sem hafa tekið höndum saman um uppbyggingu þessarar þjónustu. Þau sveitarfélög eru sveitarfélagið Norðurþing, Tjörneshreppur, Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit. Samkeppnin var unnin í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Vinnan við samkeppnina var í samstarfi við Framkvæmdasýslu ríkisins. Dómnefndarfulltrúar voru tilnefndir af verkkaupum og Arkitektafélagi Íslands og hófust dómstörf í mars 2020 eftir að skilafresti tillagna lauk. Dómnefnd hafði þó starfað frá 1. nóvember 2019 við undirbúning samkeppnislýsingar.

Alls bárust þrjátíu og tvær tillögur og mat dómnefnd tillögurnar samkvæmt áherslum og markmiðum samkeppnislýsingar hönnunarsamkeppinnar.

Dómnefnd vill þakka tillöguhöfundum fyrir frjóar og fjölbreyttar hugmyndir sem jafnan voru skýrar og vel fram settar.



Dómnefnd og dómstörf

Samkeppnin, sem var framkvæmdasamkeppni, var haldin í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Umsjón með samkeppninni fyrir hönd verkkaupa hafði Framkvæmdasýsla ríkisins, en trúnaðarmaður keppinnar var starfsmaður Ríkiskaupa. Samkeppnin var öllum opin sem uppfylltu skilyrði samkeppnislýsingar. Hún var auglýst í dagblöðum og á vef Ríkiskaupa 27. desember 2019. Auglýsing var einnig birt á EES svæðinu. Skilafrestur var 6.mars 2020.

Þrjátíu-og-tvær tillögur bárust og voru þær allar teknar til dóms. Formlegir fundir dómnefndar voru sextán en auk þess unnu dómnefndarmenn mikið milli funda.

Dómnefnd skipuðu eftirtaldir aðilar;

Tilnefndir af verkkaupum:

Guðlaug Einarsdóttir sérfræðingur hjá heilbrigðisráðuneytinu

Anna Birna Jensdóttir forstjóri Sóltúns

Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurþings

Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:

Guðmundur Gunnarsson, arkitekt FAÍ

Jakob E. Líndal, arkitekt FAÍ

Ritari dómnefndar og verkefnisstjóri:

Anna Sofía Kristjánsdóttir, verkefnastjóri/arkitekt Framkvæmdasýslu ríkisins



Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

Niðurstaða dómnefndar

Allar tillögurnar 32 bera þess merki að mikil vinna og alúð hafi verið lögð í þær. Tillögurnar eru flestar af háum gæðaflokki og margar spennandi, góðar og vel leystar hugmyndir hafa komið fram. Erfitt var að gera upp á milli margra góðra hugmynda og engin tillagnanna er afgerandi best þar sem allar hafa einhverja vankanta sem betur mega fara. Í samkeppnislýsingu er lögð áhersla á að keppendur hafi umhverfissjónarmið og vistvæna hönnun að leiðarljósi við útfærslu byggingar og lóðar. Í fyrirliggjandi tillögum má glögg sjá hversu meðvitaðir hönnuðir eru almennt um umhverfismálin nú á tímum. Það er ánægjulegt að sjá hversu hratt þessi umhverfishugsun hefur þróast og ljóst er að með þessu framhaldi verða byggingar framtíðarinnar mun umhverfisvænni en byggingar síðustu áratuga, bæði með tilliti til orkurnýtingar, efnisvals og endingar. Dómnefnd lagði sérstaka áherslu á heimilislegt yfirbragð tillagnanna og þægilegt vinnuumhverfi þar sem byggingin þarf að vera hvoru tveggja í senn, heimili og vinnustaður. Einnig var lögð áhersla á að hönnun byggingarinnar tæki mið af framkvæmda- og rekstrarkostnaði, þ.m.t. rekstrarkostnaði út frá starfsmannahaldi þar sem m.a. er átt við að starfsfólk geti haft góða yfirsýn innan eininga og á milli eininga og jafnframt að helstu vegalengdir verði sem stýstar. Þá var einnig horft til þess hvort byggingin félli vel að umhverfi sínu og endurspeglaði vandaða byggingarlist.

Lagt er til að þrjár tillögur hljóti verðlaun en þær svara að mati dómnefndar best væntingum sem lýst er í samkeppnislýsingu. Dómnefnd leggur einnig til að ein tillaga hljóti viðurkenningu með peningaverðlaunum og fjórar tillögur hljóti viðurkenningu án peningaverðlauna. Þær tillögur sem lagt er til að hljóti viðurkenningu með eða án peningaverðlauna sýna með mismunandi hætti áhugaverðar lausnir eða atriði sem dómnefnd þykir rétt að vekja athygli á.



Tillögur að vinningshöfum


1. verðlaun, kr. 5.000.000. Tillaga nr. 13 auðkenni 2706290.
2. verðlaun, kr. 3.000.000. Tillaga nr. 1 auðkenni 1711937.
3. verðlaun, kr. 2.000.000. Tillaga nr. 17 auðkenni 4660546.

Tillögur sem lagt er til að hljóti viðurkenningu með peningaverðlaunum


Innkaup kr. 500.000. Tillaga nr. 27, auðkenni 4407644.

Tillögur sem lagt er til að hljóti viðurkenningu án peningaverðlauna

- Tillaga nr. 14, auðkenni 2878697.
- Tillaga nr. 20, auðkenni 6841308.
- Tillaga nr. 22, auðkenni 9007995.
- Tillaga nr. 2, auðkenni 9101166.



Guðlaug Einarsdóttir, sérfræðingur hjá heilbrigðisráðuneytinu, formaður dómnefndar



Anna Birna Jensdóttir, forstjóri Sóltúns



Guðmundur Gunnarsson arkitekt



Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurbþings



Jakob Línal arkitekt



Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

Áherslur dómnefndar

- Að nýbyggingin falli vel að landi og aðliggjandi byggð þannig að hún myndi samræmda heild með byggingum sem fyrir eru í næsta nágrenni en gefi um leið heildinni áhugavert yfirbragð í bæjarmyndinni.
- Að fyrirkomulag nýbyggingarinnar á lóðinni bjóði upp á gott aðgengi og samspil bygginganna allra, ásamt heilsueflandi og gróðurrikkum útisvæðum. Íbúar njóti útsýnis til fjalla og yfir bæinn eftir því sem kostur er á.
- Að skapa skjólgóð og sólrík rými til útvistar fyrir heimilismenn og góða aðkomu að lóð.
- Að fá fram hugmyndir að vistlegu heimili fyrir einstaklinga sem þurfa á langvarandi umönnunar-og hjúkrunarþjónustu að halda.
- Að vistarverur almennt og herbergi einstaklinga séu haganlega útfærð og tekið tillit til einstaks umhverfis og útsýnis.
- Að tryggð sé góð vinnuaðstaða starfsmanna.
- Að horft sé til framtíðar í velferðartækni- og öðrum tæknilegum lausnum er auðveldað geta daglegt líf heimilisfólks og vinnuaðstöðustarfsmanna.
- Að ytra og innra fyrirkomulag sé til fyrirmyndar hvað varðar aðgengi og öryggismál.
- Að byggingin verði hagkvæm með hliðsjón af framkvæmda-og rekstrarkostnaði byggingarinnar.
- Að húsnæðið tryggi hagkvæmni í daglegum rekstri eins og í starfsmannahaldi. Þar er m.a. átt við að starfsfólk geti haft góða yfirsýn innan eininga og á milli eininga og jafnframt að helstu vegalengdir verði sem stýstar.
- Að nýbygging endurspegli vandaða byggingarlist er fellur vel að umhverfi sínu.
- Að umhverfissjónarmið og vistvæn hönnun verði höfð að leiðarljósi við útfærslu byggingar og lóðar. Á síðari stigum hönnunar verður horft til vistferilskostnaðar (e. life cycle cost) m.a. við val á byggingarefnum.





1. VERÐLAUN

Tillaga nr. 13 Auðkenni 2706290
Verðlaun: 5.000.000 kr.

Arkís arkitektar.

Birgir Teitsson, arkitekt, FAÍ, Sara Axelsdóttir, arkitekt, Rebekka Pétursdóttir, arkitekt, Erna Þráinsdóttir, arkitekt, Aðalsteinn Snorra-son, arkitekt FAÍ, Arnar Þór Jónsson, arkitekt FAÍ, Björn Guðbrands-son, arkitekt FAÍ, Svava Björk Bragadóttir, byggingafræðingur BFÍ, Viggó Magnússon, byggingafræðingur BFÍ, Þorvarður Lárus Björgvinsson, byggingafræðingur BFÍ. Ráðgjafi: Mannvit



Sambýli

Skipulag sambýliseininga styður við heimilisbrag með vistlegum einkarýmum fyrir hvern íbúa sem snúa flest að bænum og frábæru útsýni yfir Skjálfanda og Kinnarfjöll. Starfsaðstaða er mjög góð þar sem þjónusturými eru miðlæg og vegalengdir stuttar innan hverrar deildar. Heimiliseiningar eru allar jafnstórar og hönnun þeirra auðveldar mönnun og flæði milli þeirra, þ.m.t. yfirsýn yfir heimilið í heild og starfsfólk nýtist m.a. betur á nóttunni. Heimilið er bjart, auðvelt aðgengi er út undir bert loft frá setustofum til að njóta útsýnis og veðurs og tilhögun einkarýma gerir auðvelt fyrir íbúa að rata í herbergi sín.



ÚTLIT NORÐURS 1:200



ÚTLIT AUSTURS 1:200




ÚTLIT SUÐURS 1:200



ÚTLIT VESTURS 1:200





Aðkoma

Aðkoma að byggingunni er góð og aðkomutorg er með skemmtilegu yfirbragði. Aðalinnangangur á aðkomu-hæð er fyrir miðju sem og lyftur og stigi hússins svo að umferðarleiðir um bygginguna og innri tengingar sambýliseininga eru einfaldar og skýrar.

Útisvæði

Sjónræn tengsl og bein tengsl byggingar við útisvæði er góð. Stórir gluggar snúa að garðsvæði norð-austan við bygginguna og hægt er að komast beint af hverri deild út á garðsvæðið. Þannig er garðurinn virkur og góð félagsleg tengsl eru milli sambýliseininga um norðurgarðinn. Að geta fylgst með síbreytilegum árs-tíðaskiptum garðsins frá setustofum um stóra glugga er kostur.

Garðsvæðið er fjölbreytt m.a. með gróðurhúsi og er skipulagt eftir hugmyndafræði um gagnsemi útivistar og að vinna með gróður til að auka lífsgæði.

Heildaryfirbragð

Tillagan er einföld og frekar lágstemmd. Hún er uppbotin í formi og fellur vel að landi og aðliggjandi byggingum.

Helstu kostir

Tillagan leysir flestar þær kröfur sem koma fram í samkeppnislýsingu á sannfærandi hátt. Tillagan er jafnframt hugmyndaþrik og býður upp á marga möguleika.

Í heildina býður tillagan upp á fjölbreytt líf og ólíka snertifleti innan sambýliseininga, milli þeirra og úti/innirýma.

Helstu gallar

Helstu gallar eru lítil fjölbreytni í setustofum. Útisvæðið að norðan er í skugga stóran hluta sólarhringsins. Einnig þarf að vinna betur með skjólgott garðsvæði sunnan við bygginguna.

Einkarými

Herbergi íbúa með setglugga og franskar svalir eru einkar vel heppnuð.
Herbergin eru öll með góðu útsýni og snúa mót birtu.



EIMILISLEGT YFIRBRAGÐ Í SAMEIGINLEGUM RÝMUM



DÆMIGERÐ ÍBÚÐ



DÆMIGERÐ HJÓNAÍBÚÐ



GRUNNMYND 3.HÆD - 1:200



GRUNNMYND 2.HÆD - 1:200



GRUNNMYND 1.HÆÐ - 1:200



2. VERÐLAUN

Tillaga nr. 1 Auðkenni 1711937
Verðlaun: 3.000.000 kr.

Teiknistofan Tröð

Sigríður Magnúsdóttir, arkitekt FAÍ, Hans-Olav Andersen, arkitekt
FAÍ/MNL & Laufey Agnarsdóttir, arkitekt FAÍ.



Sambýli

Þessi tillaga hefur fjölbreytt úrval setustofa sem er kostur fyrir mismunandi þarfir íbúa. Svalir eru út frá öllum herbergjum og setustofur og vinnuaðstaða miðlæg. Vaktherbergi er sameiginlegt fyrir hverja hæð sem skapar góða vinnuaðstöðu og frábæra yfirsýn yfir hverja hæð m.t.t. næturmönnunar. Pláss vel nýtt í sameiginleg rými á hverri hæð fyrir lín og geymslur fyrir hjúkr-unarvörur. Fjölbreyttir möguleikar á útiveru á svölum og veröndum. Lóð og aðkoma skemmtilega útfærð og í góðum tengslum við aukarými sveitarfélagsins.

Skol er sameiginlegt fyrir hverja hæð, ekki hægt skv. forskrift vegna sóttvarna og þarf að laga.



Aðkoma

Aðalinngangur er frá Skálabrekku og þjónustu- og starfsmannainngangur er frá Auðbrekku. Aðkoma og samskiptaleiðir eru skýrar og einfaldar. Salur og tenging við Hvamm er skemmtileg og fjölbreytt.

Útisvæði

Góð skjólmyndun sunnan við húsið á fallegu útisvæði mót sólu og í góðum tengslum við fjölnota sal sem gefur möguleika á fjölbreyttri nýtingu og uppákomum með góðu aðgengi íbúa hjúkrunarheimilisins.

Heildaryfirbragð

Tillagan byggir á einfaldri 4. hæða vinkel byggingu. Á hverri hæð eru 2x10 manna sambýliseiningar sem sameinast um setustofur, svalir og vaktaðstöðu. Útlit og yfirbragð byggingarinnar er nokkuð órólegt og ósamstætt. Húsið fellur ekki vel að umhverfi sínu. Stærð þess og ásýnd er krefjandi gagnvart nærliggjandi húsum.

Helstu kostir

Að mati er dómnefndar er þessi tillaga með skjólbesta suðurgarðinn. Aftur á móti er lítið unnið með norður hluta lóðarinnar.


Helstu gallar

Útlit og yfirbragð byggingarinnar er nokkuð órólegt og ósamstætt. Húsið fellur ekki vel að umhverfi sínu og ásýnd þess krefjandi gagnvart nærliggjandi húsum.



JARDHÆÐ / 1.HÆÐ 1/200

H-or Heiti	M2	Fj	Samt
7 Gestasýring salerni ístaða	5,7	1	5,7
8 Ræsting	4,7	1	4,7
9 Geymsla fyrir hjálparteki með hleðslumöguleika	36,0	1	36,0
10 Anddyri, forstofa - móttaka	51,0	1	51,0
11 Skrifstofa	12,2	3	36,6
12 Fundarastaða fyrir starfsmenn - fjórhöfjörvi	56,9	1	56,9
13 Mölæg lyfageymsla	10,1	1	10,1
14 Mölæg geymsla hjúkunarvörur	10,1	1	10,1
15 Búningastaða starfsfólks	79,3	1	79,3
16 Baðastaða fyrir íbúa	12,1	2	24,2
17 Framveðsleikhús ásamt lyfirjum	30,3	1	30,3
18 Fjónnotasalur	119,7	1	119,7
19 Sjúkrobbjálur	53,5	1	53,5
20 Mölæg sorpdökkun	7,3	1	7,3
21 Tæknirými	90,8	1	90,8
22 Tengingar	82,9	1	82,9
23 Geymsla og hleðsla fyrir rafskulur (jtan m2)	14,3	1	14,3
24 Síki fyrir hól (útrými undir þaki)	—	3	41,9
25 Sorpgeymsla (útrými undir þaki)	17,7	1	17,7
Samt	883,3	1	883,3





2.HÆÐ 1/200

Númer Heiti	M ²	Fj	Samt
1 Hjúkranarými - einkarými	28,2	20	563,2
2 Setustofa, borðstofa, opió eldhús	109,5	2	219,1
2b Setustofa	15,8	2	31,5
3 Aðstaða starfsmanna, snyrtingar, lyftaferberg	37,0	1	37,0
4 Skól, þvottaherbergi	17,6	1	17,6
5 Hjúkranarvör, línlager	12,6	1	12,6
6 Sorpflokkun	2,1	1	2,1
7 Gestasnyrtng salemi fatlaða	6,9	1	6,9
8 Ræsting	6,1	1	6,1
9 Geymsla fyrir hjólparketi með heildsumgæta	19,1	1	19,1
h2 Brúttó 2h	1.139,6	1	1.139,6

3. VERÐLAUN

Tillaga nr. 17 Auðkenni 4660546

Verðlaun: 1.500.000 kr.

A2F arkitektar

Aðalheiður Atladóttir, Falk Krüger, Arina Belajeff og Ásta María Þorsteinsdóttir og Teiknistofan Storð (Hermann Georg Gunnlaugsson)





Sambýli

Á hverri hæð eru 2 sambýliseiningar með fjölbreyttum setustofum til norðurs og suðurs og í enda ganga eru viðbótar setustofur. Engin tengsl eru frá setustofum við útisvæði en suðlæggar setustofur hafa allar góðar svalir sem auðveldar aðkomu út undir bert loft. Stuttar vegalengdir innan eininga eru til bóta bæði fyrir íbúa og starfsfólk.



ÁSÝND - SUÐVESTUR
m.kv. 1:250



ÁSÝND - NORÐAUSTUR
m.kv. 1:250



ÁSÝND - SUÐAUSTUR
m.kv. 1:250



ÁSÝND - NORÐVESTUR
m.kv. 1:250

Einkarými

Síðir gluggar í herbergjum gefa tækifæri til útsýnis bæði liggjandi og sitjandi. Herbergin eru án svala.

Aðkoma

Aðkoma er um aðlaðandi setustofu í forrými sem opnast út í skjólgóðan suðurgarðinn. Salur og tenging við Hvamm er vel leyst.

Útisvæði

Tillagan fellur einkar vel að landi, með skjólgóðri suðurverönd. Hringtenging stíga í útfærslu lóðar er vel leyst.

Heildaryfirbragð

Heildaryfirbragð þessarar tillögu er eins konar þorpsgata sem er brotin upp í smágerðar einingar. Falleg aðkoma og ásýnd að hlýlegu húsi.

Helstu kostir

Heildaryfirbragð tillögu sem þorpsgata og setustofa í suðurlóð.

Helstu gallar

Vinnuaðstaða starfsmanna og útfærsla herbergja er ekki fullnægjandi.

Skol er óheppilega staðsett og línalager, ræsting og geymslur vantar. Yfirsýn m.t.t. næturvakta ófullnægjandi. Stór hluti herbergja snúa upp í hlíð. Opnun á baðherbergjum snýr óheppilega m.t.t. loftbrauta.






GRUNNMYND 4. HÆD m.k.v. 1:200



GRUNNMYND 3. HÆD m.k.v. 1:200



GRUNNMYND 2. HÆD m.k.v. 1:200




INNKAUP

Tillaga nr. 27 Auðkenni 4407644

Verðlaun: 500.000 kr.

Andrúm Arkitektar

Haraldur Örn Jónsson, arkitekt FAÍ, Hjörtur Hennesson, arkitekt & Kristján Garðarsson, arkitekt FAÍ.





Sambýli

Skipulag innanhúss styður við heimilisbrag með vistlegum einkarýmum sem öll snúa að bænum og frábæru útsýni yfir Skjálfanda og Kinnarfjöll. Starfsaðstaða er mjög góð þar sem þjónusturými eru miðlæg og vegalengdir stuttar innan hvers sambýlis. Heimiliseiningar eru allar jafnstórar sem auðveldar mönnun og flæði milli þeirra auðveldar yfirsýn yfir heimilið í heild og starfsfólk nýtt betur t.d. á nóttunni. Heimilið er bjart, auðvelt aðgengi út undir bert loft frá setustofum til að njóta útsýnis og veðurs. Tilhögun einkarýma gerir auðvelt fyrir íbúa að rata í herbergi sín.

Setustofur opnast með glervegg til norðurs í norðurgarð og til suðurs með svölum með útsýni yfir bæinn. Góð vaktyfirsýn er yfir heimiliseiningar.



Einkarými

Herbergi einkar vel útfærð með setkrókum í útsýnisátt.

Aðkoma

Aðalinngangur á aðkomuhæð er miðjusettur og stutt frá honum til allra átta. Lyftur og stigi hússins eru í miðjunni svo að umferðarleiðir um bygginguna og innri tengingar deildanna eru einfaldar, stuttar og skýrar.

Útisvæði

Tengsl byggingar við garðsvæði norð-austan við byggingu er góð.

Heildaryfirbragð

Byggingin er U-laga og uppbotin þannig að hún fellur vel að aðliggjandi húsum. Lega í landi er góð. Útlit er yfirvegað samtímis því að vera líflegt.

Helstu kostir

Þessi tillaga leysir að mati dómnefndar best tengslin milli sambýliseininga og norðurgarðs. Á móti er minni áhersla lögð í suðurgarð.

Helstu gallar

Vantar fjölbreytni í setustofur/króka. Útisvæðið að norðan er í skugga stóran hluta sólarhringsins. Við endurútreikninga á stærð tillögunnar kom í ljós að hún var of stór og kom því ekki til greina í verðlauna-sæti.







ATHYGLISVERÐ TILLAGA


Tillaga nr. 14 Auðkenni 2878697

Tiago Sá, Aþena Aradóttir
og Margrét Halla Valdimarsdóttir





Þessi tillaga er góð tilraun með spennandi form en gengur því miður ekki upp. Z- formið sem liðast upp brekkuna og hefur þakgarða á undirliggjandi hæðum er mjög spennandi nálgun. Herbergin eru góð. Hins vegar liða sambýliseiningarnar fyrir að vera einhæfar, langar og óspennandi.



1. KYNNING



ATHYGLISVERÐ TILLAGA

Tillaga nr. 20 Auðkenni 6841308

Force4 Archithcts

Erna Dögg Þorvaldsdóttir, Andreas Lauesen, Lenor Freitas
& Janina Hedström.





Þessi tillaga er góð tilraun með spennandi hugmynd. 4 stakar íbúðabyrpingar með 2 sambýlum í hverri byrpingu er spennandi hugmynd. Í hverri sambýlisingu eru fjölbreyttar setustofur sem hverfast um lokaðan miðkjarna. Herbergi með svólum eru góð. Efnismeðhöndlun og hlýlegt yfirbragð er aðlaðandi. Tengingar, samskiptaleiðir og fyrirferð gengur hins vegar ekki upp.




ATHYGLISVERÐ TILLAGA

Tillaga nr. 22 Auðkenni 9007995

Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf.

Gylfi Guðjónsson, arkitekt FAÍ, Jóhann Einar Jónsson, arkitekt FAÍ og Lilja Filippusdóttir, landslagsarkitekt FÍLA. Samstarf og ráðgjöf: Hákon Barðason, byggingafræðingur BÍF og Árni Ólagsson, arkitekt FAÍ. Ráðgjöf vegna burðarvirkja og lagna: Víðsjá ehf, verkfræðistofa og Jón Logi Sigurbjörnsson verkfræðingur FRV).





REIST MYND
1. OG 3. HÆÐ

Falleg og stílhrein T-laga bygging sem fellur vel að umhverfi. Stuttar leiðir innanhúss bæta vinnuaðstöðu og auðvelda íbúum umgengni. Skemmtilegt miðju-torg „Hjarta“ sem sameinar ekki bara allar einingar hvorrar hæðar heldur einnig hæðirnar báðar. Helstu ókostir eru mismunandi útsýnisgæði frá herbergjum, fyrirkomulag miðdeildar, staðsetning flóttastiga á suðurhlíð og fátækleg útfærsla lóðar.





ATHYGLISVERÐ TILLAGA

Tillaga nr. 2 Auðkenni 9101166

Arkþing-Nordic og Efla

Arkþing-Nordic: Elías Beck Sigurþórsson, arkitektanemi, Even Olstad, arkitekt, Hallgrímur Þór Sigurðsson, arkitekt, Helgi Mar Hallgrímsson, arkitekt, Michal Klimes, arkitektarnemi og Thimas Larsen, landslagsarkitekt. Efla: Guðrún Jónsdóttir, hljóðverkfræðingur og Sigurður Loftur Thorlacius, umhverfisverkfræðingur.





Þessi tillaga fær viðurkenningu fyrir skemmtilega útfærslu á heimilislegum sambýliseiningum. 5 einingar fyrir 12 íbúa mynda einskonar þorp sem hverfist um miðkjarna með fjölbreyttu úrvali setkróka og setustofa fyrir mismunandi þarfir. Mjög skemmtileg útfærsla á fyrirkomulagi m.t.t. samþjöppunar þjónustu- og almenningsrýma sem skapar bæði góða vinnuástöðu og þægilegt heimili í umgengni.



HERBERG



GRANNHYND HERBERG/ 150



SETUSTOFA/KLASA




- 1 Hörsal/översiktssal
- 2 Sötsal
- 3 Sötsal/översiktssal
- 4 Starfornarsvagn
- 5 Lyfherberg
- 6 Sötsal/översiktssal
- 7 Sötsal
- 8 Sötsal
- 9 Halling
- 10 Sötsal/översiktssal
- 11 Tingsöggi
- 12 Gæðingur/översiktssal
- 13 Sötsal/översiktssal
- 14 Andan
- 15 Hörsal/översiktssal
- 16 Möttla
- 17 Funksal/översiktssal
- 18 Lyfherberg
- 19 Översiktssal/översiktssal
- 20 Vinnufila starfsal
- 21 Sötsal/översiktssal
- 22 Hörsal/översiktssal
- 23 Hörsal/översiktssal
- 24 Översiktssal/översiktssal
- 25 Hörsal/översiktssal
- 26 Hörsal/översiktssal
- 27 Starfornarsvagn/översiktssal
- 28 Hörsal/översiktssal
- 29 Hörsal/översiktssal
- 30 Översiktssal/översiktssal
- 31 Hörsal/översiktssal
- 32 Översiktssal/översiktssal



Björn Ólafsson Ólafs og Daníel Ólafsson arkitektar. Aðstoð: Elías Nmeir.

Tillaga nr. 3 Auðkenni 3006009



Ákveðin formgjöf og gott skipulag herbergja. Tillagan gengur ekki upp miðað við markmið dórnefndar.



Studio Arnhildur Pálmadóttir

Tillaga nr. 4 Auðkenni 1139154



Grundmynd 1 hæðar m.k.v. 1:200




Einfalt form. Tillagan gengur ekki upp miðað við markimið dómnefndar.



Unnsteinn Jónsson

Tillaga nr. 5 Auðkenni 6161818




Tillagan gengur ekki upp miðað við markmið dómnefndar.



Anna M. Sigmundsdóttir

Tillaga nr. 6 Auðkenni 2145095



Tillagan gengur ekki upp miðað við markmið dómnefndar.



Andersen & Sigurdsson Arkitektar (Þórhallur Sigurðsson & Ene Cordt Andersen)

Tillaga nr. 7 Auðkenni 2231830



ÚTLIT SÚÐ VESTUR 1:200



ÚTLIT NORD AUSTUR 1:200



ÚTLIT SÚÐ AUSTUR 1:200

ÚTLIT NORD VESTUR 1:200



Spennandi hugmynd í stöllum en umferðaleiðir ganga ekki upp.



Vantar texta

Tillaga nr. 8 Auðkenni 3218845



Björt alrými og langir flóknir gangar. Tillagan gengur ekki upp miðað við markmið dómnefndar.





Faglausn ehf. (Almar & Knútur Emil)

Tillaga nr. 9 Auðkenni 6408700



Vesturhlíð
1:200



Norðurhlíð
1:200



Fjarvið Austurhlíð



Austurhlíð
1:200




Fjarvið Vestan



Suðurhlíð
1:200



Miðlæg þjónusturými en gangar langir.



Jose Manuel, Amelia Ogando, Pablo Mico, Alba Delso, Elena & Laura

Tillaga nr. 11 Auðkenni 2564204



Góð herbergi en tengingar óheppilegar.






Arkitektastofan OG. Garðar Guðnason & Sigurður Gústafsson arkitektar

Tillaga nr. 12 Auðkenni 2639481




AFSTÖÐUMYND 1:500

- | | |
|-------------------------|--------------------------------|
| 1. BLAÐAFÖR | 9. AÐGANGURINN, ELDHÚS OG KOFF |
| 2. AÐGANGURINN | 10. GÖNGU- OG LAMBEYRIS HÚS |
| 3. SKOGLAUSA, HELLU OG | 11. AÐGANGURINN |
| 4. TOLLAÐUR MEÐ SETURUM | 12. MÖL |
| 5. AÐGANGURINN | 13. AÐGANGUR OG FÖNDYKJA |
| 6. AÐGANGURINN | 14. SKOGLAUSA |
| 7. AÐGANGURINN | 15. TENGINGAR |
| 8. BLAÐ- OG FRETTHALSA | 16. GÖNGUVEGUR |



3. HÆÐ
2. HÆÐ
- 1 - ENKARYM
2 - BAÐHERBERGI
3 - ÞVOTTUR, SKÓL, LÍN
4 - HJÚKRUNARVÖRUR
5 - LYF
6 - STARFSMENN
7 - RÆSTING
8 - SALERNI
9 - ELDHÚS
10 - BORDSTOFA
11 - SETUSTOFA
13 - HVALPARTÆKI
14 - STJÓRNANNA
29 - SVALIR




Sterkt spennandi form en gangar langir og einhæfir.



Vantar texta

Tillaga nr. 15 Auðkenni 3779877



GRUNNMYND 1. HÆÐ

RÝMISTAFLA

HEIMILI

1. Hjúkunarými / einkarými
2. Borðstofa, setustofa, opð eldhús, uppvask, sorpflokkun
3. Starfsmannaástaða, salerni starfsmanna, lyfjagerbergi

STODRÝMI EININGANNA


4. Skól, þvottur, línlager, ræsting
5. Geymslurými, skápar fyrir hjúkrunarvörur, lyfjaskápur

SAMEIGINLEG MIDLÆG RÝMI

6. Anddyri - móttaka (með umferðarými)
7. Gestasnyring / salerni fatlaðra
8. Baðaðstaða fyrir íbúa
9. Áðstaða fyrir sorpflokkun

ÖNNUR RÝMI HJÚKUNARHEIMILIS

10. Skrifstofurými fyrir stjórnendur
11. Fundagerbergi
12. Búningaástaða starfsfólks
13. Framreiðslueldhús
14. Geymsla fyrir hjálpartæki með hleðslumöguleika
15. Sjúkraþjálfun
16. Fjólnota salur
17. Tækniými fyrir inntök, stjórnbúnað ofl.
18. Loftrásirými
19. Tengingangur
20. Köld sorpgeymsla




Áhugaverðar, tengjanlegar setustofur en gangar langir og einhæfir.



GlámaKím arkitektar

Tillaga nr. 16 Auðkenni 3793567



Góður inngarður en langir gangar



Kanon arkitektar, Halldóra Bragadóttir arkitekt.

Tillaga nr. 18 Auðkenni 4917343



Skammtileg uppbot í formi en tengingar ekki nógu áhugaverðar.



SVÖVESTURHLÍÐ



Tendra Arkitektar (Hildur, Hulda, Jóhann & Þorleifur)

Tillaga nr. 19 Auðkenni 5432221



Horft frá skógræktinni yfir hjúkrunarheimili til suðvesturs.



Séð niður í syðri inngarð



Séð inn í inngarð úr stofu 2.hæðar.

Góð alrými og tengsl við útisvæði en langir gangar.




Sigurður Stefán Karlsson, Byggingafræðingur B.F.Í

Tillaga nr. 21 Auðkenni 8879788



Góð grunnhugmynd en ósamstæð heild. Tillagan var tekin til frekari skoðunar dómnefndar á 10 efstu tillögum.



Grunnmynd 1.hæð 1:500




JeES arkitektar ehf. Jón Stefán Einarsson arkitekt.

Tillaga nr. 23 Auðkenni 0203202




Einföld tillaga sem gengur upp. Tillagan var tekin til frekari skoðunar dómnefndar á 10 efstu tillögum.





Basalt arkitektar (Dagbjört Ásta, Harpa, Hrólfur Karl, Marcos, Perla Dís, Rut, Sigríður & Þorsteinn Jafet

Tillaga nr. 24 Auðkenni 3886309



Vel leyst tillaga með góðum alrýmum, herbergjum og vaktyfirsýn. Gangar eru hins vegar of langir einhæfir.



Verkfræðiskrifstofan Stoð ehf. (Magnús Freyr Gíslason)


Tillaga nr. 25 Auðkenni 3947331



Grunnmynd 3.hæð




Ágæt alrými og þakgarðar en tengingar ganga ekki upp.





Decker Hjaltested Architekten

Tillaga nr. 26 Auðkenni 4057108



Ágæt tengsl alrýma og inngarða en óspennandi yfirbragð.





VA vinnustofa arkitekta (Heba, Helena, Magdalena & Steinunn)

Tillaga nr. 28 Auðkenni 1123926



Góð herbergi en gangar langir og einhæfir.





UNDRA (Fernando, Gísli & Hans), Andrew Burgess & Efla

Tillaga nr. 29 Auðkenni 2683329



Samkeppnisvæðil
Byggingarreitur

Spennandi aðkoma um inngarð en gangar langir og útisvæði vannýtt.



Úti og Inni af. Arkitektar (Baldur Ó, Brynjar Darri & Gísli)

Tillaga nr. 30 Auðkenni 1010101



Góð grunnhugsun en líður fyrir að vera niðurgráfin.





Úti og inni sf.

Tillaga nr. 31 Auðkenni 3241003



Góð heild og herbergi en tengingar langar.





GREINARGERÐ

Zeppelin Arkitektar. Orri Árnason arkitekt, Anna Aneta Bilka & Nicholas Crowley arkitektar.

Tillaga nr. 32 Auðkenni 2033302



- WISBYFRILT
1. Stól
 2. Selur og borðstól, veðka
 3. Áhættu starfsmanna
 4. Stök þvottur íslagar
 5. Sérhættu
 6. Gættakennir
 7. Raðstíðing
 8. Gæmsla fyrir húparstær
 9. Gróðurmi
 10. Aðalmenging
 11. Sérstak
 12. Fundarherbergi
 13. Sérhættu
 14. Fjölmannsalstöðva
 15. Sérhættu
 16. Húsnæðing
 17. Fjölmannsalstöðva
 18. Lyftaerbergi
 19. Sérhættu
 20. Tæknirými
 21. Fjölmannsalstöðva

2. HÆÐ
3. HÆÐ

DELDIR
LÝFTU-ÖG
STÓÐARVIRKI

Afskaplega bjart heimili en óljós skipting milli sambýli-
seininga rýrir heimilisbrag. Tillagan var tekin til frekari
skoðunar dómnefndar á 10 efstu tillögum.



Barbara Sopolinska & Davíð Skarphéðinsson

Tillaga nr. 33 Auðkenni 0011218



Skemmtilegir inngarðar og ágætir punktar en stíf og formföst tillaga.



